

## Stjórn Úrvinnslusjóðs

**367. stjórnarfundur, þriðjudaginn 11. mars 2025 - kl. 12:45–14:00**

**Suðurlandsbraut 24**

### Dagskrá samkvæmt fundarboði:

#### A. Til kynningar (25 mín)

1. Breytingar á endurgjaldi PLABPH

#### B. Til umfjöllunar og/eða afgreiðslu (80 mín)

2. Innra eftirlit og áhættustjórnun
3. Erindi frá Sorpu

### Fundinn sátu:

#### Stjórn:

Kristófer Már Maronsson, formaður (KMM),  
Birta Sif Arnardóttir (BSA),  
Guðný Hjaltadóttir (GH),  
Hildur Hauksdóttir (HH),  
Hrefna B. Jónsdóttir (HBJ) (fyrir Jón Viggó Gunnarsson),  
Kristinn Már Reynisson (KMR),  
Anton Kári Halldórsson (AKH) (fyrir Líf Magneudóttur) á Teams.

#### Starfsmenn Úrvinnslusjóðs:

Sandra Brá Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri (SBJ),  
Gunnlaug Einarsdóttir (GE),  
Edda Andrésdóttir (EA) ritaði fundargerð

### Samantekt ákvarðana fundarins:

1. Stjórn fól KMM að skipuleggja vinnufund um áhættustjórnun og verklag við innra eftirlit, með aðkomu ytri sérfræðings.
2. Stjórn ákvað að fá utanaðkomandi lögfræðilít á því hvort um stjórnvaldsákvörðun sé að ræða þegar stjórn tekur ákvörðun um gjaldskrárbreytingar endurgjalds og þegar erindum á borð við erindi Sorpu er svarað. Einnig hvert svigrúmið er til ákvarðanatöku og hvaða sjónarmiðum stjórn er bundin af við töku ákvörðunar um gjaldskrá, m.t.t. hagrænna hvata með hliðsjón af umhverfislegum ávinningi. Einnig var ákveðið að fela skrifstofu Úrvinnslusjóðs að kalla eftir frekari upplýsingum frá Sorpu vegna erindisins.

## Fundargerð

Fundur hófst kl. 12:55

### A. Til kynningar

#### 1. Breytingar á endurgjaldi PLABPH

GE tók sæti á fundinum og fór yfir tillögu skrifstofu Úrvinnslusjóðs um breytingu á endurgjaldi fyrir PLABPH. Umræður og spurningar, m.a. um flutningskostnað. Skrifstofu Úrvinnslusjóðs falið að afla nánari upplýsinga um forsendur flutningskostnaðar. GE vék af fundi.

### B. Til umfjöllunar og afgreiðslu

#### 2. Innra eftirlit og áhættustjórnun

EA fór yfir stöðu á verkefni sem tengist úrbótatillögum Ríkisendurskoðunar úr stjórnarsýsluúttekt á Úrvinnslusjóði, og snýr að skráningu innra eftirlits (innri stýringa) hjá sjóðnum. Áhættustjórnun er ríkur þáttur innri stýringa og eitt af hlutverkum stjórnar. Umræður og spurningar. Stjórn fól KMM að skipuleggja vinnufund um áhættustjórnun og verklag við innra eftirlit, með aðkomu ytri sérfræðings.

#### 3. Erindi frá Sorpu

SBJ gerði grein fyrir innkomnu erindi frá Sorpu sem barst 5. mars sl. Í erindinu er annars vegar gerð er krafa um greiðslu aukins kostnaðar vegna ákvörðunar Sorpu um sérstaka meðhöndlun á drykkjarfernum fyrir árið 2024. Hins vegar er gerð krafa um endurupptöku synjunar að svo stöddu á greiðslu kostnaðar vegna samskonar ákvörðunar fyrir árið 2023, sbr. ákvörðun stjórnar á 357. fundi. Umræður. Fram kom að vinnu Hagfræðistofnunar er ekki lokið, m.a. er beðið gagna frá nokkrum aðilum.

Stjórn ákvað að fá utanaðkomandi lögfræðiálit á því hvort um stjórnvaldsákvörðun sé að ræða þegar stjórn tekur ákvörðun um gjaldskrárbreytingar endurgjalds og þegar erindum á borð við erindi Sorpu er svarað. Einnig hvert svigrúmið er til ákvarðanatöku og hvaða sjónarmiðum stjórn er bundin af við töku ákvörðunar um gjaldskrá, m.t.t. hagrænna hvata með hliðsjón af umhverfislegum ávinningi.

Einnig var ákveðið að fela skrifstofu Úrvinnslusjóðs að kalla eftir frekari upplýsingum frá Sorpu vegna erindisins.

Fundi slitið kl. 14:10

Tillaga stjórnarformanns að næstu þremur fundum verður send út í dag.